

Fundargerð

Aðalfundur Búseta 2022

Haldinn á Grand Hótel Reykjavík, 18. maí kl. 17:00

Mættir voru rúmlega 60 fundargestir

Auglýst dagskrá fundar:

1. Skýrsla stjórnar og umræður um hana.
2. Framlagning ársreikninga til samþykktar og umræður um þá.
3. Ákvörðun um fjárhæð inntökugjalds og árlegs félagsgjalds.
4. Ákvörðun um stjórnarlaun.
5. Ákvörðun um framlag til varasjóðs.
6. Tillögur að breytingum á samþykktum félagsins.
7. Kosning formanns.
8. Kosning tveggja meðstjórnenda til tveggja ára.
9. Kosning eins varamanns til tveggja ára.
10. Kosning löggilts endurskoðanda til eins árs.
11. Önnur mál.

Fundargerð:

Jón Ögmundsson formaður stjórnar Búseta setur fundinn. Stjórnarformaður lýsir fund lögmætan og stingur upp á Helgu Eglu Björnsdóttur búseturéttthafa sem ritara og Hildi Mósesdóttur félagsmanni sem fundarstjóra.

Hildur Mósesdóttir tekur við fundarstjórn þakkar fundarmönnum traustið og fer yfir skipulag fundarins.

1. Jón Ögmundsson formaður flutti skýrslu stjórnar og fundarstjóri tilkynnti að umræður um skýrsluna yrðu teknar með umræðum og fyrirspurnum um ársreikninga, þ.e. eftir næsta dagskrárlíð.
2. Bjarni Þór Þórólfsson framkvæmdarstjóri Búseta flagði fram ársreikninga. Fundarstjóri opnaði fyrir fyrirspurnir um þennan lið og skýrslu stjórnar í framhaldinu en ekki komu neinar fyrirspurnir.
 - a. Ársreikningur var samþykktur með handauppréttingu, enginn á móti.Sem hluti af umfjöllun um fjárhagsuppgjör félagsins flutti Ragnar O. Rafnsson samantekt um ítarlega úttekt EY á fjárhag og starfsemi Búseta.
3. Ákvörðun um fjárhæð inntökugjalds og árlegs félagsgjalds. Tillaga stjórnar um óbreytt inntökugjald og félagsgjald 5500kr var samþykkt með handauppréttingu, engar fyrirspurnir og enginn á móti.
4. Ákvörðun um stjórnarlaun – Jón Ögmundsson kynnir tillögu um óbreytt stjórnarlaun, óbreytt stjórnarlaun samþykkt með handauppréttingu, engar fyrirspurnir og enginn á móti.
5. Ákvörðun um framlag til varasjóðs - óbreytt – 0,5%. Af mánaðarlegu búsetugjaldi. Tillagana samþykkt með handauppréttingu, engar fyrirspurnir og enginn á móti.
6. Tillögur að breytingum á samþykktum félagsins. Ekki lá fyrir nein tillaga um breytingu á samþykktum félagsins.
7. Kosning formanns. Fundarstjóri kynnir að Jón Ögmundsson er einn í framboði til formanns þar sem ekki hafi önnur framboð borist. Formaður var því sjálfkjörinn með lófataki.

8. Kosning tveggja meðstjórnenda til tveggja ára til - 2022

Stjórnarmennirnir Finnur Sigurðsson og Valur Þórarinsson eru í framboði til endurkjörs. Ásamt þeim er Kristín Edda Gylfadóttir í framboði til setu sem meðstjórnandi í stjórn Búseta.

Frambjóðendum var gefinn kostur á því að koma í púlt í stafrófsröð og halda stutta framboðskynningu hvert. Í framhaldinu var gert stutt hlé þar sem fundargestir gengu til kosninga.

Fundarstjóri hafði í upphafi fundar lagt fram tillögu um breytingu á dagskrá og að farið yrði í kynningar undir lið 11 meðan atkvæðatalning færri fram, sem hafði verið samþykkt samhljóða af fundargestum.

9. Kosning eins varamanns til tveggja ára - til 2022 - Hildur Mósesdóttir er í framboði til endurkjörs og var sjálfkjörin með lófataki.**10. Kosning löggilts endurskoðanda til eins árs**

Stjórn leggur til að Hólmgrímur Bjarnason hjá Deloitte verði kjörinn áfram endurskoðandi félagsins og var hann sjálfkjörinn með lófataki.

11. Önnur mál.

- a. Svava Bragadóttir arkitekt hjá ARKÍS kynnti nýframkvæmd Búseta við Maríugötu 7
- b. Bæring Bjarnar Jónsson arkitekt hjá Glámu Kím kynnti nýframkvæmd Búseta við Hallgerðargötu 20
- c. Páll Gunnlaugsson arkitekt hjá ASK arkitektum kynnti nýframkvæmd Búseta við Eirhöfða 2
- d. Páll Gunnlaugsson arkitekt sem er einn af stofnendum Búseta var líka með stutta kynningu og „mola“ úr sögu Búseta af tilefni 40 ára afmælis Búseta þann 26. Nóvember á næsta ári 2023.

Næst var opnað fyrir fyrirspurnir úr sal:

Gísli Elíasson í Arnarsmára hrósaði fundi og vildi fá upplýsingar um stefnu Búseta varðandi rafhleðslustöðvar fyrir rafbíla og Bjarni svaraði fyrirspurninni.

Magnús Hansson í Breiðuvík óskaði eftir upplýsingum um erfðarétt Búseturéttar. Jón Ögmundsson svaraði fyrirspurninni og vísaði meðal annars í 16.grein samþykktanna.

Ekki voru fleiri fyrirspurnir úr sal og fundarstjóri tilkynnti að komnar væru niðurstöður kosninga (liður 8).

8. Niðurstöður kosningar meðstjórnenda í stjórn Búseta voru eftirfarandi:

Taldir seðlar voru 54, 1 seðill var ógildur

- Finnur Sigurðsson 44 atkvæði
- Kristín Edda Gylfadóttir 18 atkvæði
- Valur Þórarinsson 44 atkvæði

Finnur Sigurðsson og Valur Þórarinsson eru því réttkjörnir meðstjórnendur til 2ja ára.

Fundarstjóri afhendir formanni Jón Ögmundsson orðið sem þakkar fundarmönnum fyrir þátttökuna og góðar umræður. Fundarstjóri Hildur Mósesdóttir slítur fundi kl. 18:35

Fundargerð ritaði Helga Egla Björnsdóttir